

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um vaxtamun og þjónustutekjur bankanna.

1. *Hver hefur verið vaxtamunur helstu viðskiptabanka á árunum 1997–2001, að báðum árum meðtöldum, reiknaður á nügildandi verðlagi?*

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtamun, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, viðskiptabanka og sparisjóða í milljörðum króna á verðlagi ársins 2001:

Ár	Milljarðar kr.
1997	16,8
1998	17,9
1999	21,5
2000	23,9
2001	24,9

2. *Hver hefur þessi vaxtamunur verið sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum bankanna?*

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtamun sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum viðskiptabanka og sparisjóða:

Ár	Hlutfall
1997	62%
1998	60%
1999	57%
2000	60%
2001	75%

3. *Hverjar hafa verið tekjur bankanna af þjónustugjöldum á þessu tímabili, reiknaðar á nügildandi verðlagi, og hvert hefur verið hlutfall þeirra af hreinum rekstrartekjum bankanna?*

Eftirfarandi tafla sýnir þjónustutekjur viðskiptabanka og sparisjóða í milljörðum króna á verðlagi ársins 2001 og hlutfall þeirra af hreinum rekstrartekjum:

Ár	Milljarðar kr.	Hlutfall
1997	6,3	23%
1998	6,7	22%
1999	8,1	22%
2000	9,6	24%
2001	9,6	29%

Hreinar rekstrartekjur eru samtala vaxtamunar og annarra rekstrartekna. Undir öðrum rekstrartekjum eru tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum, þjónustutekjur, gengishagnaður af fjármálastarfsemi og ýmsar rekstrartekjur. Ástæðan fyrir því að samtala vaxtamunar og þjónustutekna af hreinum rekstrartekjum á árinu 2001 er yfir 100% er sú að á því ári var gengistap af fjármálastarfsemi.